



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi
Erindi nr. P 138/2S31
komudagur 2S.S. 2010

Nefndasvið Alþingis
b.t. iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

21. maí 2010

Efni: umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003, með síðari breytingum, 573. mál

Samorka átti tvo fulltrúa í nefndinni sem vann að gerð frumvarpsins, auk þess sem starf nefndarinnar og æskilegar breytingar á gildandi lögum hafa verið til ítarlegrar umfjöllunar í sérstökum vinnuhópi á vettvangi samtakanna. Almenn séð ríkir ágæt sátt um flest atriði frumvarpsins meðal aðildarfyrirtækja Samorku, þótt vissulega séu skoðanir skiptar um tiltekin atriði og í einhverjum tilvikum er um að ræða málamiðlanir, eða að tiltekin sjónarmið hafa ratað í frumvarpið þótt sum fyrirtækin hefðu kosið að aðrar leiðir yrðu farnar. Í einhverjum tilvikum lýstu fulltrúar Samorku fyrir nefndinni hvernig sjónarmið einstakra aðildarfyrirtækja stönguðust á en tóku ekki sjálfir afstöðu með einu eða öðru þeirra sjónarmiða í nefndarstarfinu. Dæmi um þetta er að finna strax í a-lið 1. gr. frumvarpsins, þar sem er að finna breytta skilgreiningu á hugtakinu *flutningskerfi*. Landsnet styður þessa breytingu, en a.m.k. sumir raforkuframleiðendur hefðu heldur kosið að óbreytt skilgreining stæði áfram. Rök má færa fyrir báðum sjónarmiðum og viðkomandi fyrirtæki munu væntanlega gera það í sínum umsögnum.

Líkt og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er hér um að ræða áfangatillögur til breytinga á raforkulögum, tillögur sem brýnt þykir að leggja fram nú, en nefndin mun starfa áfram og móta tillögur um fleiri atriði. Til dæmis er áhugi á að fjalla ítarlegar um hvort gera skuli frekari breytingar á núverandi skiptingu endakaupenda raforkunnar í almenna notendur annars vegar og stórnotendur hins vegar. Frumvarpið leggur þó til breytingar á núgildandi lögum hvað þetta varðar og er þar komið til móts við ýmsa þá gagnrýni sem núgildandi fyrirkomulag hefur sætt.

Núgildandi tekjuramma sérleyfisstarfseminnar, flutnings og dreifingar, er óviðunandi og iðulega fjallað um lögbundinn taprekstur í þessu sambandi. Þær breytingar sem frumvarpið leggur til varðandi tekjuramma dreifiveitna voru hins vegar kynntar nefndinni með afar stuttum fyrirvara og þegar þetta er ritað mun vinna standa yfir í a.m.k. sumum dreifiveitnanna við útreikninga á áhrifum þeirra breytinga sem lagðar eru til með frumvarpinu.

Almennt séð styður Samorka að frumvarpið verði samþykkt, en eins og fram hefur komið hér að framan munu tiltekin aðildarfyrirtæki samtakanna væntanlega gera



einhverjar athugasemdir við frumvarpið og afstaða fyrirtækjanna ekki ávallt fara saman. Í slíkum tilvikum tekur Samorka ekki afstöðu með einu sjónarmiði umfram annað enda standa oft rök með mismunandi leiðum.

Að öðru leyti vísast hér i umsagnir aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri